

við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 12 krónur til hvors þeirra.

Dómi þessum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 33/1911:

Valdstjórnin

gegn

Anders Peter Bendtsen, Karli Lárussyni og Guðmundi Sigurðssyni.

D ó m u r :

Mál þetta hefir verið höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Anders Peter Bendtsen, Karli Lárussyni kaupmanni og Guðmundi Sigurðssyni klæðskera, öllum í Reykjavík, fyrir áfengisveitingar, en með lögregluréttardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 29. maí þ. á., hafa hinir kærðu Karl Lárusson og Guðmundur Sigurðsson verið sýknaðir af kærnum valdstjórnarinnar, en kærði Anders Peter Bendtsen var dæmdur í 250 kr. sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir ólöglegar veitingar áfengra drykkja svo og til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Þessum dómi hefir af hálfu valdstjórnarinnar verið skotið til landsyfirdómsins.

Það er sannað í máli þessu með eigin játningu kærðu og öðrum gögnum, að kærði, Anders Peter Bendtsen hefir í húsum sínum haft um hönd, að því er ráða

má í all stórum stíl, áfengisveitingar og aðrar veitingar á síðastliðnu vori, án þess að hafa leyfi yfirvaldanna til þess að veita áfenga drykki.

En því er haldið fram, að þessar áfengisveitingar hafi að eins farið fram innan vébanda félags nokkurs nýmyndaðs, er nefnist »Skemtiklúbbur Reykjavíkur«, og í þess þágu. Kærðu eru stjórn félags þessa, Bendtsen formaður og framkvæmdarstjóri. Hann kaupir allar vörur til veitinganna, greiðir allan kostnað við þær og mannahald, og ber fyrir það gjöld þau, er greiðast til félagsins, inngöngueyri, árgjöld og mánaðargjöld, og ágóðann af veitingunum, þannig að verði halli á þessum veitingum, ber hann, Bendtsen, hallann, en verði afgangur eftir urskurði aðalfundar, skal afgangurinn ganga til heilshælisins á Vífilsstöðum. Kaup Bendtsens er óákveðið, eða var það að minsta kosti framan af.

Samkvæmt hinum prentuðu lögum umrædds félags er tilgangur þess »að styrkja og vikka umgengnislífið« með samkomum og sameiginlegum skemtunum; innan og utanbæjarmedlimir eru teknir inn með kúlukosningu, en eftir uppástungu eins meðlims og að fengnu samþykki allrar stjórnarinnar má taka aðkomumenn inn í klúbbinn sem mánaðarmedlimi gegn 2 kr. gjaldi um mánuðinn. Þessum reglum um inntöku í félagið virðist samt aldrei hafa verið fylgt. Á fyrsta fundi stjórnar félagsins var kærða, Bendtsen veitt leyfi til að taka alt að 75 meðlimum inn í félagið; kúlukosning virðist aldrei hafa fram farið. Allir dátar og foringjar af varðskipinu »Islands Falk«, eru gjaldfrjálsir meðlimir. Auk þess er eftir lögnum heimilt félagsmönnum að taka með sér aðkomumenn (utanbæjar) svo marga að því er virðist, sem

vill, að eins mega þessir aðkomumenn ekki panta eða borga áfenga drykki.

Félagsskapur sá, sem að framan er lýst, verður nú eigi talinn þannig vaxinn, að hann geti réttlætt hinar átöldu áfengisveitingar. Ákvæðum félagslaganna um upp-töku félagsmanna hefir, eins og áður er getið, eigi verið fylgt, en formaður félagsins, kærði Bendtsen, hefir að mestu leyti verið einráður um það, hverjir yrðu félagsmenn, og þannig ráðið því sjálfur, hverjum hann veitti áfengi; og menn, sem eigi voru í félaginu (skipshöfnin á Íslands Falk), hafa átt kost á að kaupa og neyta áfengis í veitingastofu félagsins. Eftir þessu verður eigi álitíð að um lögbundinn félagsskap hafi verið að tefla. Þá voru og ákærða, Bendtsen, eigi ætluð ákveðin laun, en hann átti að taka borgun fyrir starf sitt í þarfir félagsins af ágóða veitinganna, og ef þær bæru sig ekki, átti hann að bera hallann. Það verður því að líta svo á, að umræddar áfengisveitingar, þótt þær gangi undir nafni félagsins, í rauninni séu reknar af kærða Bendtsen og til hagsmuna fyrir hann, og að hann því hafi gjörst sekur um ólöglegar veitingar áfengra drykkja. Það verður því að fallast á, að undirdómurinn hefir dæmt kærða Bendtsen í sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur samkvæmt lögum 11. nóvbr. 1899 um verzlun og veitingar áfengra drykkja, og þykir sektin samkvæmt 15. grein nefndra laga hæfilega ákveðin 150 krónur.

Aftur á móti virðist eftir þessari niðurstöðu eiga að sýkna kærðu, Karl Lárusson og Guðmund Sigurðsson, með því að þeir ekki geta talist hafa gerst sjálfir sekir um ólöglegar veitingar, en það virðist ekki komast undir hegningarákvæði nefndra laga, þótt þeir gætu talist hafa

verið með í verki um veitingarnar að yfirvarpi. Þar sem yfirdómurinn einnig felst á ákvæði undirdómsins um málskostnað, ber að staðfesta hann með framangreindri breytingu á sektarákvæðinu.

Kærða Bendtsen ber að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 12 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslan fyrir yfirdómi lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskaður, þó svo að sektin ákveðst 150 krónur. Kærði, Anders Peter Bendtsen, á að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 12 krónur til hvors þeirra.

Dómi þessum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.